

virði peningsins «10 Kronor» «20 Kronor» og milli þessara lettra til vinstri handar peningamerkið (höfuð St. Eiríks) og til hægri handar upphafsstafrinn í nafni peningasmíðsins (S. T.).

1.- og 2.- krónapeningar úr silfri.

Á *adhverfuna* skal setja brjóstmynd hans hátígnar konungs Svíaríkis og Noregs og um hana letrið «Oscar II Sweriges o. Norges Konung» en á *fráhverfuna* hið sænska rikismerki á ferskiptum skildi undir konungskórónu, studdum af 2 kórónudum ljónum og kringdum af bandi, er þar letrið «Brödrafolkens wäl»; undir bandið til vinstri handar sláttuár peningsins og peningamerkið, til hægri handar nafnstafr peningasmíðsins; fyrir ofan skjaldarmerkið andvirði peningsins «1 Krona» «2 Kronor».

10- 25- og 50- aurapeningar úr silfri.

Á *adhverfuna* skal setja fangamark hans hátígnar konungs Svíaríkis og Noregs, anglo-saxneskan O staf og innan í hann rómversku töluna II, en yfir hann konungskórónu; þar fyrir ofan letrið: «Brödrafolkens wäl», en 3 sænsku kórónurnar eru sín hvoru megin við fangamarkið og hin þriðja fyrir neðan það; vinstramegin við hana skal setja peningamerkið og hægramegin nafnstafr peningasmíðsins. Á *fráhverfunni* er laufabringur og er hann látið saman á 50 og 25 aurapeningum, en opin að ofan á 10 aurapeningum; innan í þessum hringi er andvirði peningsins, «10 Öre», «25 Öre» eða «50 Öre» með stóru letri í 2 línum og þar undir sláttuárið með minna letri.

1- 2- og 5- aurapeningar úr kopar.

Á *adhverfuna* skal setja hið konunglega fangamark sama útlits og með binu sama letri og á aurapeningum úr silfri; undir fangamarkið peningamerkið; á *fráhverfuna* andvirði peningsins «1 Öre», «2 Öre» og «5 Öre» með stóru letri í 2 línum og undir það sláttuárið með minna letri, 3 sænsku kórónurnar sín hvoru megin við andvirðistölurnar og hin 3. fyrir neðan sláttuárið; á 2 og 5 aurapeningum er umhverfis allt brögðinn bringur nokkuð frá rönd peningsins; en hann er ekki á 1 eyris peningum.

Þetta skal hjer með kunngjört almenningi.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 14. dag nóvembermánaðar 1875.

**Hilmar Finsen.**

Jón Jónsson.

*Brjef landshöfðingja* (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu).

Með þókanlegu brjefi frá 14. f. m. hafði þjer, herra amtmaður, sent hingað eptirrit eptir rjettarprófi, er haldið hefur verið á aukþingi Vestmannaeyja um atvik þau, sem urðu við það, er Magnús Árnason frá Raudsbakka í Austur-Eyjaflahreppi og hásetar hans, sem voru: Páll Pálsson frá Lambafelli, Páll Ólafsson frá Berjanesi, Símon Simonsson frá Steinum, Magnús Jónsson frá Mýrum í Álptaveri, Sigurður Natanaelsson frá Minniborg, Jón Bjarnason frá Hátúni í Landbroti, Sigurður Jónsson frá Gíslakoti, Húni Sigurfinnsson frá Yztabælliskoti, Vigfús Björnsson frá Skarðshlíð, Jón Jónsson frá Núpakoti og Ketill Valdason frá sama bæ — hinn 13. marz f. á. björguðu í stormi og ósjó 3 af 10 mönnum, sem hvolt hafði undir á heimsiglingu að Vestmannaeyjum úr sátri, en hinir 7 drukuðu; og hafði þjer mælt fram með því, að fyrrtjedum mönnum verði veitt hæfileg verðlaun fyrir ótulleik sinn og góða framgöngu við þetta tækisfæri.

Fyrir því skal yður tjáð til þókanlegrar leiðbeiningar og ráðstafana, að jég samkvæmt því, sem fram hefur komið, hef veitt nefndum formanni Magnúsi Árnasyni 10 kr. verðlaun og sjerhverjum hinna nafngreindu háseta, 5 krónur, og mun upphæð þessi alls

1875

85  
15da  
nóvbr.

65 krónur, verða greidd herra amtmanninum úr jarðabókarsjóðnum samkvæmt hjálagðri ávísun.

86  
22an  
nóvbr.

*Brjef landshöfðingja* (til stiptyfirvaldanna).

Samkvæmt tillögum stiptyfirvaldanna í brjefum frá 30. f. m., og 11. þ. m. skal samþykkt, að prestur Stafholts- og Hjarðarholtssafnaðar, prófastur sira Stefán Þorvaldsson er hefur byrjað endurbyggingu Stafholtskirkju og eytt sjóði kirkjunnar til þess, en nú skortir fje til að enda við þessa byggingu — megi taka til þess allt að 600 króna lán, er leggist á prestakall það, er kirkjan fylgir, ávaxtist með 4 af hundraði árlega, og endurborgist af tekjum prestakallsins á næstkomandi 10 árum með tíunda hluta á hverju ári.

Þetta er tjáð stiptyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstafanar.

87  
30sta  
nóvbr.

*Brjef landshöfðingja* (til póstmeistarans).

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefur 13. þ. m. ritað mjer á þessa leið :

«Eptir að ráðgjafinn hafði sent innanríkisstjórninni erindi það, sem fylgdi þóknanlegu brjefi herra landshöfðingjans frá 22. júlí þ. á. frá neðri deild alþingis þess, er átt var í sumar, um nokkur atriði í ferðaáætlun hins íslenska póstgufuskips, hefur nefnd stjórn skýrt frá, að samkvæmt ósk þeirri, sem sett hafi verið fram í nefndu erindi, muni á ferðaáætluninni fyrir næsta ár verða gjörð sú breyting, að komið verði við í Seyðisfirði í stað Berufjarðar á 3 sumarferðunum, og að gert verði skipinu að skyldu samkvæmt því, er nákvæmar mun verða lagt fyrir skipstjórnann, að biða fyrir utan Seyðisfjörð allt að 3 dægum og við Vestmannaeyjar allt að 1 dægri til þess að komast að þessum stöðum; og hefur stjórnin bætt því við, að nauðsynlegt muni verða vegna þessara breytinga að sleppa komu skipsins að Granton, þannig að það í þess stað á hverri ferð komi við í Leirvík; en að það þá verði mögulegt að láta skipið samkvæmt ósk þeirri, er komið hefur fram við annað tækifæri, á 3 sumarferðunum fara ferð til Stykkishólms eptir komuna til Reykjavíkur».

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð herra póstmeistarann til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

88  
30sta  
nóvbr.

*Auglýsing* um póstmál.

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefur 13. þ. m. samþykkt eptirritaðar breytingar á reglum þeim, sem gjörðar eru í 2. 7. og 8. gr. auglýsingar frá 3. maím. 1872 um setningu pósta-fgreiðslu og brjefhirðingastada, um laun fyrir sýslanir þessar og um aðal- og aukapóstferðir.

Aðalpóstferð þeirri, sem getur um í 7. gr. auglýsingar frá 3. maí 1872 milli Reykjavíkur og Ísafjarðar yfir Stykkishólm, skal breytt þannig :

- a, að aðalpósturinn fari beinlínis milli Reykjavíkur og Ísafjarðar án þess að koma við á Stykkishólmi.
- b, að aukapóstur gangi frá Hjarðarholti í Dalasýslu yfir Breiðabólstað á Skógarströnd til Stykkishólms og þaðan um Snæfellsness- og Hnappadalssýslur, er halda brjefhirðingarstöðunum á Búðum, Rauðkollstöðum og Stadarhrauni, aptur að Stykkishólmi og þaðan að Hjarðarholti í Dalasýslu.
- c, að Strandasýslupóstur milli Bøjar og Stadar í Steingrímsfirði hætti göngu sinni og í hans stað komi aukapóstur frá Melum í Strandasýslu yfir Borðeyri og Prestsbakka að Stað í Steingrímsfirði.